

# Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands

Samþykkt af háskólaþingi 14. nóvember 2013 og af háskólaráði 5. desember 2013

## 1. Inngangur

### 1.1 Gæðakerfi Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra til að bjóða nám til bakkalár-, meistara- og doktorsprófs á öllum fræðasviðum sínum, skv. lögum um háskóla nr. 63/2006, reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006 og reglum um doktorsnám í háskólum nr. 37/2007. Var viðurkenningin veitt að undangenginni faglegri úttekt erlendra sérfræðinga á gæðum starfseminnar.

Við Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á að nám sé í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar gæðakröfur og starfrækir skólinn formlegt gæðakerfi sem tekur til allra þátta starfseminnar, náms og kennslu, rannsókna og nýsköpunar, stjórnsýslu og stoðþjónustu. Árið 2004 samþykktu háskólafundur og háskólaráð formleg *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* og voru þau endurskoðuð árið 2012. Árið 2006 var sett á laggirnar gæðanefnd háskólaráðs og árið 2009 Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Hlutverk hennar er að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við skólann og fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um námið, sbr. 66. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglur Háskóla Íslands um framhaldsnám hafa síðan verið endurskoðaðar og hafa öll fræðasvið skólans útfært þær með nánari reglum. Loks er í *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016* kveðið á um að á stefnutímabilinu verði skilgreind *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands* og er þetta plagg niðurstaða þeirrar vinnu. Viðmiðin og kröfurnar fjalla ekki sérstaklega um diplómanám á meistarastigi, þótt fjölmörg atriði sem hér koma fram eigi einnig við um slíkt nám.

### 1.2 Tengsl reglna og viðmiða og krafna

Í framangreindum lögum og reglum er fjallað ítarlega um ýmis formskilyrði meistaranáms, s.s. umsóknarfresti, meðferð umsókna, inntökuskilyrði, tímalengd og samsetningu náms, tengsl meistara- og doktorsnáms, leiðbeinendur, skil og frágang lokaverkefna, tengsl við aðra háskóla, lærdómstitla og eftirlit með reglum og viðmiðum. Lögin og reglurnar mynda *formlega* umgjörð um meistaranáms, en hér er kveðið sérstaklega á um viðmið og kröfur um gæði námsins, s.s. hvaða kröfur eru gerðar til leiðbeinenda, fræðasviða, deilda og námsleiða. Þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands* eru samþykkt stefna háskólans um hvað telst æskilegt markmið út frá fag- og gæðaforsendum. Kröfur verða að eiga sér stoð í reglum sem settar eru af háskólaráði, þ.e. reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 eða sérreglum einstakra fræðasviða og deilda um framhaldsnám.

### 1.3 Skipulag meistaranáms

Fræðasvið og deildir Háskóla Íslands skipuleggja og bera faglega ábyrgð á meistaranámi við skólann, inntaki þess, skipulagi og framkvæmd. Samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 setur háskólaráð almennar reglur um framhaldsnám og eru þær í VI. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Þar kemur fram að fræðasviðum og deildum Háskólans er heimilt að skipuleggja framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, í samræmi við þann ramma sem þar er settur. Nánari ákvæði um framhaldsnám eru í sérreglum fræðasviða og deilda um slíkt nám sem staðfestar eru af háskólaráði. Lærdómstitlar sem veittir eru við námslok eru tíundaðir í 55. gr. sameiginlegu reglnanna.

## 2. Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms<sup>1</sup>

Þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands* eru hluti af formlegu gæðakerfi skólans. Lögð er áhersla á að þau séu sambærileg við það sem tíðkast hjá þeim erlendu háskólum sem Háskóli Íslands ber sig saman við. Viðmiðin og kröfurnar eru almennur rammi sem gildir fyrir allt meistaranám við háskólann og skilgreinir þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til námsins. Til viðbótar geta fræðasvið og deildir sett frekari kröfur eftir því sem við á sem þá verða að eiga sér stoð í sérreglum fyrir viðkomandi einingar sbr. gr. 1.2 hér að framan.

Hér á eftir er gerður greinarmunur á almennum, faglegum og efnislegum viðmiðum og kröfum.

- *Almennu* viðmiðin eru rammi sem vísar til alþjóðlega viðurkenndra forsenda um gæði meistaranáms.
- *Faglegu* viðmiðin tilgreina lágmarkskröfur um hæfni og reynslu kennara, leiðbeinenda, þeirra sem leggja mat á námið og lokaverkefni, prófdómara og meistaraþrófsnefnda.
- *Efnislegu* viðmiðin fela í sér lágmarkskröfur um námsaðstöðu meistaranema.

### 2.1 Almenn viðmið

- *Markmið og hæfniviðmið meistaranáms.* Meistaranám byggir á undanfarandi grunnnámi og myndar rökrétt framhald af því með því að dýpka fræðilega þekkingu og færni innan ákveðins fagsviðs fræði- eða starfsgreinar, auka leikni til að geta beitt aðferðum og verklagi og hæfni til að geta hagnýtt þessa þekkingu og leikni í starfi og/eða frekara námi. Markmiðum meistaranáms er almennt lýst í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem gefin eru út af mennta- og menningarmálaráðherra [viðauki 1] og eru þau skilgreind nánar í hæfniviðmiðum (e. *learning outcomes*) einstakra námsleiða og námskeiða.
- *Stofnun námsleiða á meistarastigi.* Vanda skal til undirbúnings og skipulagningar nýrra námsleiða á meistarastigi og þess gætt að þær uppfylli *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* [sbr. viðauka 1] og þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands*. Um stofnun námsleiða í meistaranámi fer að öðru leyti eftir *Verklagsreglum um undirbúning og stofnun nýrra námsleiða við Háskóla Íslands*.
- *Inntökuskilyrði og inntökufærli.* Til meistaranáms við Háskóla Íslands skal velja þá nemendur sem hafa staðið sig vel í grunnnámi og eru líklegir til að ná árangri í frekara námi og starfi. Val á meistaranemum skal fara fram á grundvelli námsárangurs í grunnnámi, faglegrar hæfni, jafnréttis og sanngirni. Kröfur um nauðsynlegar prófgráður og undirbúning fyrir meistaranám skulu vera skýrar og gegnsæjar og birtar á aðgengilegan hátt á vef Háskóla Íslands. Nánar er kveðið á um nauðsynlegar prófgráður og lágmarkseinkunn í sameiginlegum reglum Háskóla Íslands og í sérreglum deilda.
- *Fjöldatakmörkun.* Fræðasvið gera árlega, að tillögu einstakra deilda og eftir því sem þörf krefur, rökstudda tillögu til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í einstakar námsleiðir. Tillögur um takmörkun á fjölda meistaranema sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir skulu gerðar með hliðsjón af skilyrðum til kennslu á viðkomandi námsleið,

---

<sup>1</sup> Þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands* taka m.a. mið af ýmsum forsendum og erlendum fyrirmyndum, s.s. stefnumörkun á vettvangi European University Association (EUA) og leiðbeiningarrítum Council of Graduate Schools í Bandaríkjunum, sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands er aðili að, og The Quality Assurance Agency for Higher Education (QAA) á Bretlandseyjum.

sbr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

- *Móttaka nemenda og upplýsingagjöf.* Ljóst skal vera til hvers ætlast er af nemendum sem skrá sig í meistaranám við Háskóla Íslands og til hvers nemendur geta ætlast af háskólanum. Fræðasvið og deildir skulu hafa skráð ferli fyrir móttöku nýnema og miðlun upplýsinga um markmið, skipulag og tilhögun námsins, námsmat, kröfur sem gerðar eru til nemenda, stuðning og þjónustu sem þeim stendur til boða, félagsstarf nemenda o.fl. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar á vef háskólans og bera nemendur ábyrgð á að kynna sér þær.
- *Skyldur nemenda í meistaranámi.* Meistaraneimar skulu vinna faglega og forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða framgöngu innan og utan háskólans sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða getur varpað rýrð á nám þeirra eða háskólann. Þeim ber að kynna sér vel þær reglur og síði sem akademískt starf lýtur og temja sér í hvívetna vönduð vinnubrögð í rannsóknum og meðferð heimilda.
- *Námsskipulag.* Námsleiðir í meistaranámi skulu vera vel skipulagðar og í samræmi við skilgreind hæfniviðmið. Vinnuálag nemenda skal vera hæfilegt og dreifast jafnt yfir námstímann. Fyrir hverja námsleið í meistaranámi verður að vera hendi nægilegur fjöldi námskeiða og aðstaða til þjálfunar á hverjum tíma til að nemendur geti stundað fullt nám. Deildir skulu aðeins bjóða upp á faglega sérhæfingu á meistarastigi á þeim sviðum þar sem fyrir hendi er fullnægjandi námsaðstaða og nægilegur fjöldi námskeiða og hæfra kennara.
- *Einingafjöldi og tímalengd náms.* Meistaránám að loknu grunnnámi er 90-120 einingar (ECTS). Miðað við full námsafköst er námstími að jafnaði 1½-2 ár, en hámarkstími til að ljúka meistaraþáttu skal að jafnaði vera 2 ár þegar um er að ræða 90 eininga nám og 3 ár þegar í hlut á 120 eininga nám. Deild er heimilt að tiltaka í reglum sínum að nemandi geti frá upphafi verið skráður í hlutanám og er þá miðað við að hann ljúki 30 einingum á hverju háskólaári og náminu á 4 árum.
- *Samsetning náms.* Tiltaka skal í reglum fræðasviða og deilda lágmark eininga í námskeiðum og lokaverkefni/ritgerð.
- *Mörk grunnnáms og meistaranáms.* Miðað skal við að námskeiðshluti í meistaranámi sé byggður á sérhæfðum framhaldsnámskeiðum. Tvenns konar frávik geta verið frá þessu: Annars vegar geta deildir boðið sérstök námskeið (svokölluð M-námskeið) sem eru í senn fyrir meistaraneima og grunnneima sem eru komnir vel áleiðis í bakkalárnáminu. Fræðasvið skulu setja sérstakar reglur um slíkt nám, leyfilegan fjölda námseininga o.fl. Hins vegar geta fræðasvið leyft að tiltekinn fjöldi eininga úr námskeiðum í grunnnámi gildi sem hluti af meistaranámi og skal tilgreina það í reglum fræðasviða og deilda. Þar skal koma fram hvort slík grunnnámskeið eru metin til færri eininga á meistarastigi en í grunnnámi eða hvort gerðar eru meiri kröfur, t.d. um hærri lágmarkseinkunnir, til meistaraneima, fá þeir jafnmargar einingar fyrir þau og stúdentar í grunnnámi. Námskeið í grunnnámi mega þó ekki áður hafa verið metin til prófgráðu stúdents. Að hámarki skulu 10 einingar í 90 eininga meistaranámi og 15 einingar í 120 eininga meistaranámi vera úr námskeiðum í grunnnámi.
- *Leiðbeinandi.* Leiðbeinendur í meistaranámi skulu stuðla að góðu og uppbyggilegu samstarfi við nemendur sína, enda er gagnkvæmt traust á milli leiðbeinanda og meistaraneima mikilvæg forsenda fyrir árangursríku meistaranámi. Þeir skulu ekki aðeins veita nemendum sínum faglega ráðgjöf heldur jafnframt leitast við að aðstoða þá við að öðlast þá almennu og faglegu færni sem fjallað er um í þessum viðmiðum. Til að tryggja gæði leiðbeiningar skal hver leiðbeinandi að jafnaði ekki leiðbeina fleirum en 10

meistaraneimum á hverjum tíma.

- *Kennsluhættir.* Leitast skal við að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti í meistaranámi og skal gera grein fyrir kennsluháttum í viðkomandi námskeiði og námsleið í kennsluskrá.
- *Rannsóknahjálfun.* Allir meistaranemar skulu öðlast hjálfun í ólíkum rannsókn-, greiningar- og túlkunaraðferðum á viðkomandi fagsviði. Leitast skal við að gefa nemendum í meistaranámi tækifæri til að taka þátt í rannsóknavinnu kennara og stunda eigin rannsóknir undir handleiðslu leiðbeinanda.
- *Alþjóðleg reynsla.* Meistaraneimar skulu eftir því sem kostur er hafa tækifæri til að afla sér alþjóðlegrar reynslu, m.a. með því að þeim sé auðveldað að dvelja hluta námstímans við erlenda háskóla eða sækja alþjóðleg námskeið og ráðstefnur.
- *Aðstoð við kennslu.* Meistaraneimar geta eftir atvikum aðstoðað við kennslu á grunnnámsstigi. Þess skal þó gætt að vinnuálag sé innan hóflegra marka og tefji ekki eðlilega framvindu námsins.
- *Sameiginlegt meistaranám.* Ef meistaranám er skipulagt sameiginlega með öðrum háskóla eða háskólum skal gerður um það sérstakur samningur og þess gætt að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru við Háskóla Íslands og að ábyrgð á gæðum námsins og skipulagi sé skýr. Við gerð slíkra samninga skal haft samráð við kennslusvið og Miðstöð framhaldsnáms.
- *Almenn færni og fagmennska.* Meistaránám skal stuðla að því að nemendur öðlist, auk sérhæfðrar fræðilegrar þekkingar, almenna og hagnýta þekkingu, s.s. á sviði aðferðafræði og siðfræði vísinda, kynningar verkefna í ræðu og riti fyrir samnemendum, fræðasamfélaginu og almenningi, hagnýtingar hugverka, og að þeir öðlist faglega og félagslega færni sem þeir þurfa að búa yfir vegna framtíðarstarfs. Leitast skal við að upplýsa meistaranema um þá möguleika til atvinnu og frekara náms sem þeim standa opnir að námi loknu og veita þeim viðeigandi stuðning við að nýta menntun sína.
- *Námsmat.* Nám, kennsla, eininga- og námsmat skulu mynda rökrétta heild og taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum. Námsmat skal gefa nemendum tækifæri til að sýna að hvaða marki þeir hafa öðlast og tileinkað sér þá þekkingu, færni, leikni og hæfni sem tilgreind er í hæfniviðunum viðkomandi námskeiðs og námsleiðar. Námsmat skal vera fjölbreytt, byggt á skýrum og gegnsæjum mælikvörðum og hvetja til námsástundunar.
- *Kynning lokaverkefna.* Æskilegt er að meistaranemar kynni lokaverkefni sín opinberlega. Í samræmi við eðli háskólastarfs og stefnu Háskóla Íslands um opin aðgang að rannsóknaniðurstöðum skulu lokaverkefni að jafnaði birt í Skemmu.
- *Siðareglur.* Allir aðilar sem koma að meistaranámi við Háskóla Íslands skulu kynna sér og hafa í heiðri siðareglur skólans og eftir því sem við á lög og reglur um Persónuvernd, velferð dýra og náttúruvernd, siðferðileg viðmið í rannsóknnum frá Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands, Vísindasiðanefnd (ríkisins) og vísindasiðanefnd Landspítala-háskólasjúkrahúss.
- *Hæfi.* Allir aðilar sem koma að meistaranámi við Háskóla Íslands skulu hafa í heiðri almennar hæfisreglur stjórnáslulaga nr. 37/1993. Með hæfi er hér t.d. átt við að leiðbeinandi, umsjónarkennari, þeir sem sitja í meistaraþrófnefndum, prófdómari eða stúdent hafi ekki slík tengsl að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð máls og niðurstöðu.

## 2.2 Faglegar kröfur til leiðbeinenda, kennara og stundakennara í meistaranámi

- *Kröfur til kennara í meistaranámi.* Kennarar í meistaranámi skulu að lágmarki hafa lokið meistaraþrófi eða öðru jafngildu prófi og vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði. Deildir skulu stuðla að því að kennarar í meistaranámi fái viðeigandi þjálfun og símenntun á sviði kennslu meistaranema, t.d. í samvinnu við Kennslumiðstöð og Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Stundakennarar sem kenna í meistaranámi skulu uppfylla sömu faglegu kröfur og gerðar eru til fastra kennara. Deildir skulu tryggja að stundakennarar séu upplýstir um þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands.*
- *Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og meistaraþrófsnefnda.* Sérhver meistaranemi skal hafa umsjónarkennara og/eða leiðbeinanda sem er honum til ráðuneytis um skipulag námsins, námsáætlun, val námskeiða, námsframvindu, fagleg gæði rannsóknvinnunnar, lokaverkefni og annað sem náminu tengist. Í þeim tilvikum þar sem skipaðar eru meistaraþrófsnefndir skulu reglur deilda kveða á um skipan og verksvið þeirra. Umsjónarkennarar, leiðbeinendur og þeir sem sitja í meistaraþrófsnefndum skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til fastra kennara í meistaranámi.
- *Prófdómarar.* Deild eða fastanefnd á hennar vegum tilnefnir prófdómara hvers meistaranema. Prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaranema ásamt leiðbeinanda og/eða meistaraþrófsnefnd þar sem við á. Prófdómarar skulu að jafnaði ekki koma úr hópi akademískra starfsmanna deildar og skal gæta að því að þeir séu upplýstir um þær faglegu kröfur sem gerðar eru til prófdómara. Forseti fræðasviðs skipar prófdómara.

## 2.3 Efnislegar kröfur til fræðasviða og deilda í meistaranámi

- Meistaraneimum skal boðið upp á rannsóknar- og vinnuáætlun sem er fullnægjandi fyrir nám og lokaverkefni þeirra.
- Tryggt skal að meistaranemar hafi reglulegan aðgang að leiðbeinendum og/eða umsjónarkennurum sínum.
- Meistaraneimum skal standa til boða málstofur eða annar viðeigandi vettvangur fyrir umræðu og kynningu á verkefnum sínum.

## 3. Ábyrgð og eftirlit með gæðum meistaranáms

- *Stefna fræðasviða og deilda um málefni meistaranáms.* Fræðasvið og deildir skulu hafa skýra stefnu um gæði náms og kennslu á meistaranámsstigi sem byggir m.a. á þessum *Viðmiðum og kröfum um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands.* Stefna fræðasviða og deilda skal innihalda markmið og árangursmælikvarða og vera sett fram í skriflegu formi og birt á vef fræðasviðs og deildar. Stefna fræðasviða og deilda um meistaranám kveði m.a. á um markmið námsins, samþættingu kennslu og rannsókna, kennsluhætti, málefni nemenda, námsáætlun og stöðþjónustu, þjálfun kennara, umbótaverkefni o.fl. sem fræðasvið ákveður.
- *Öflun, greining og miðlun gagna.* Fræðasvið og deildir skulu afla, greina og miðla með skipulegum hætti upplýsingum um nám og kennslu á meistarastigi, s.s. um fjölda umsókna, hlutfall umsækjenda sem fær inngöngu, endurkomuhlutfall og brautskráningarhlutfall. Kanna skal viðhorf meistaranema til helstu þátta námsins á meðan á því stendur og afdrif og atvinnuþátttöku brautskráða meistara að námi loknu. Fræðasvið og deildir greini þessar upplýsingar, m.a. með tilliti til jafnréttissjónarmiða, og fjalli um þær með reglubundnum hætti með virkri aðkomu fulltrúa nemenda og nýti

þær í gæða- og umbótastarfi sínu. Deildir haldi a.m.k. einu sinni á ári fund með fulltrúum meistaránema til að ræða málefni námsins og leiðir til að efla gæði þess. Fræðasvið og deildir skulu láta Miðstöð framhaldsnáms í té gögn um málefni meistaránáms sem miðstöðin óskar eftir.

- *Eftirlit með námsframvindu og brottfalli.* Fræðasvið og deildir skulu reglulega fylgjast með námsframvindu nemenda, stuðla með skipulegum hætti að því að draga úr brottfalli og grípa til viðeigandi aðgerða ef óvæntar breytingar verða á námsframvindu nemenda og hlutast til um að þeir fái nauðsynlegan stuðning eða aðstoð.
- *Eftirlit með gæðum meistaránáms.* Fastanefndir deilda og fræðasviða um málefni framhaldsnáms fylgjast með því að almennum reglum Háskóla Íslands, sérreglum fræðasviða og deilda og þessum *Viðmiðum og kröfum um gæði meistaránáms við Háskóla Íslands* sé framfylgt á vettvangi deildar og fræðasviðs.
- *Ytra gæðamat og vottun.* Fræðasvið og deildir skulu meta gæði námsleiða og prófgráða sinna á meistarastigi reglulega og með formlegum hætti. Skal þetta gert í samræmi við áætlun Gæðaráðs háskóla (e. *Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF*) sem birt er í handbók Gæðaráðsins (e. *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*) og leiðbeiningar Háskóla Íslands um sjálfsmat deilda (e. *Institution-led review at the subject level*). Fræðasvið og deildir skulu nýta niðurstöður innra og ytra mats með skipulegum hætti til að efla gæði námsins þannig að áætlanir, aðgerðir, eftirlit og úrbætur myndi samfelld umbótaferli. Jafnframt eru deildir hvattar til að afla sér alþjóðlegrar faggildingar eða vottunar eftir því sem við á.

#### **4. Miðstöð framhaldsnáms**

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands starfar náið með fræðasviðum, deildum, gæðanefnd háskólaráðs og sameiginlegri stjórnarsýslu, hefur eftirlit með því að fræðasvið og deildir fylgi almennum reglum og sérreglum um meistaránám og þessum *Viðmiðum og kröfum um gæði meistaránáms við Háskóla Íslands*.

Leiði eftirlit í ljós að alvarlegur brestur sé á faglegum eða fjárhagslegum forsendum einstakra námsleiða eða deilda í meistaránámi, t.d. varðandi aðsókn, skilvirkni, fjölda eða hæfni kennara og leiðbeinenda, hæfniviðmið, námsárangur, framboð meistaránámskeiða og aðstöðu fyrir starfsþjálfun, gerir Miðstöð framhaldsnáms forseta viðkomandi fræðasviðs og deildarforseta aðvart og kallar eftir tíma- og markmiðasettri áætlun um úrbætur. Beri úrbótaáætlun ekki tilsettan árangur getur Miðstöð framhaldsnáms gert tillögu til háskólaráðs um að viðkomandi námsleið verði lögð niður. Ævinlega skal þó tryggja að þeir nemendur sem þegar hafa hafið nám geti lokið því innan eðlilegra tímamarka.

#### **5. Kvörtunarferli fyrir meistaránema**

Meistaránemi getur beint erindi til Miðstöðvar framhaldsnáms telji hann að viðkomandi fræðasvið, deild eða námsleið fullnægi ekki þessum viðmiðum og kröfum um gæði meistaránáms við Háskóla Íslands. Að öðru leyti gilda um meistaránema ákvæði 50. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 um ferli kvartana og kærumála nemenda og ákvæði 51. gr. um réttindi og skyldur nemenda og agaviðurlög.

#### **6. Endurskoðun**

Gæðanefnd háskólaráðs og stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms fjalla reglulega um þessi *Viðmið og kröfur um gæði meistaránáms við Háskóla Íslands*. Endurskoða skal þau eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

## Viðauki 1

Skv. auglýsingu mennta- og menningarmálaráðherra „um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður“ (e. *National Qualification Framework for higher education*) er meistaranám 90-120 eininga nám skv. skipulegri námsleið og inniheldur það a.m.k. 30 eininga rannsóknaverkefni. Meistaránámi lýkur með meistaraþrófi, s.s. MA-, MS-, M.Ed.- eða M.Pharm.-prófi.

Skv. viðmiðunum skal nemandi sem lýkur meistaraþrófi í fyrsta lagi búa yfir þekkingu innan fagsviðs fræðigreinar eða starfsgreinar. Í því felst að nemandi

- þekki fræðileg viðfangsefni og álitamál,
- hafi aflað sér þekkingar með rannsóknum og geti fært rök fyrir eigin úrlausnum,
- geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á viðeigandi sérsviði,
- þekki til rannsóknaraðferða á sínu fræðasviði og hafi þekkingu á siðfræði vísinda.

Í öðru lagi skal nemandi við útskrift búa yfir þeirri *leikni að geta beitt aðferðum og verklagi á sérsviði fræðigreina eða starfsgreina*. Í því felst að nemandi

- hafi tileinkað sér viðeigandi vinnubrögð,
- hafi kunnáttu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum,
- geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi,
- geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu eða við starfsgrein,
- hafi náð tókum á viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnaði,
- geti aflað greint og metið vísindaleg gögn,
- sýni frumleika í þróun og nýtingu hugmynda,
- geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður eða í þverfaglegu samhengi sérsviðs fræðigreinar,
- geti þróað verkefni og sett í samhengi með aðferðum byggðum á kenningum sérsviðs fræðigreinar og/eða tilrauna,
- hafi getu til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá tiltækum upplýsingum,
- geti beitt rannsóknaraðferðum með árangri og framkvæmt smærri rannsóknarverkefni,
- sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Í þriðja lagi skal nemandi við útskrift hafa þá *hæfni að geta hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi*. Í því felst að nemandi

- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á við frekara nám,
- geti átt frumkvæði að verkefnum, stýrt þeim og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa,
- geti greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, í áheyrn sérfræðinga og almennings,
- hafi hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum á erlendu tungumáli,
- geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær,
- geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir og flókið fræðileg atriði eiga við,
- geti miðlað tölulegum upplýsingum.